



STÆR1AA05


Námsáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og A4 rúðustrikuð vinnubók



Námsmat:

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og virkni gilda samtals 10% af heildareinkunn áfangans. Þá verða lögð fyrir tímaverkefni sem ber að skila og gilda þau 20% af lokaeinkunn. Stöðupróf úr köflum gilda svo 70% af annareinkunn.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	70%
vægi annareinkunnar er	30%

Annareinkunn skiptist svona:

vægi lotuprófa	70%
vægi tímaverkefna	20%
ástundun og virkni	10%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Vera virkur í kennslustundum
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Ábending frá kennurum:

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Nemanda ber að mæta ávallt með tilskilin kennslugögn í kennslustundir og virða vinnufrið annarra. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr tíma og skrá fjarvist á hann ef hann brýtur þessar reglur.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
33-36	Aðgerðirnar 4
37-38	Röð aðgerða
39-41	Almenn brot
42-44	Bókstafareikningur / algebra
45-47	Jöfnur
48	Upprifjun

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka einnig áfanganum STÆR1BB05 í samráði við kennara.

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su. 16. ágúst 2022

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar:

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG), Ingunn Helgadóttir (IH) og Jón Grétar Hafsteinsson (JH).